

Lög

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sérstök kærueimild vegna athafna og athafnaleysis).

I. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,
nr. 7/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 65. gr. laganna orðast svo: Stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykktu sveitarfélaga sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

II. KAFLI

Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum,
nr. 106/2000, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: *Þátttökuréttur almennings*: Réttur almennings til upplýsinga og réttur til að koma að athugasemdum og gögnum við málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Athöfn eða athafnaleysi stjórnvalda sem brýtur gegn þátttökurétti almennings á grundvelli eftirfarandi sätir kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála:

 4. másl. 3. mgr., 5. másl. 4. mgr., 4. másl. 5. mgr. og 8. mgr. 6. gr. um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum,
 4. másl. 1. mgr. 8. gr. um matsáætlun,
 - 2.–4. mgr. 10. gr. um athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrslu,
 3. mgr. og 2. másl. 4. mgr. 11. gr. um álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum,
 2. og 3. másl. 2. mgr. 13. gr. um leyfi til framkvæmda.

Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

III. KAFLI

Breyting á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „er kærð“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: eða ætlað brot á þátttökurétti almennings er kært.
- b. Við 1. másl. 2. mgr. bætist: eða ætlað brot á þátttökurétti almennings.
- c. Á eftir orðinu „ákvörðun“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: eða ætlað brot á þátttökurétti almennings.
- d. 1. másl. 3. mgr. verður svohljóðandi: Þeir einir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geta kært stjórnvaldsákvörðanir eða ætlað brot á þátttökurétti almennings til úrskurðarnefndarinnar.
- e. Í stað orðanna „geta þó kært eftirtaldar ákvörðanir án þess að sýna fram á lögvarða hagsmuni“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: teljast eiga lögvarinna hagsmuna að gæta þegar um eftirtaldar ákvörðanir og ætlað brot á þátttökurétti er að ræða.
- f. Við 3. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: athöfn eða athafnaleysi stjórnvalda sem lýtur að þátttökurétti almennings samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.
- g. Í stað orðanna „stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: hlutaðeigandi stjórnvaldi.
- h. Við 6. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Mál sem varða verulega fjárhagslega hagsmuni aðila, hvort sem er kærða eða kæranda, skulu sæta flýtimeðferð.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. júní 2018.